

hvaða málum sem er. Frjálslyndi og rannsókn eru óaðskiljanleg; afturhaldið aftur á móti er rannsókninni mótfallið, vegna þess, að sé einu sinni rannsakað getur sannleiksgildi hinna viðurkendu hugmynda verið hætta búin.

Samkvæmt þessum tveimur tilhneigingum eru tvær aðalstefnur ráðandi í hugsunarhætti manna yfirleitt, og þessar tvær stefnur koma hvergi í sögunni betur í ljós en í framþróun vísindanna og í rétttrúnaði kyrkjunnar.

Vér þekkjum trúarbrögð ýmsra fornþjóða í gegnum goðasagnir þeirra og önnur ritverk. Flest þessi trúarbrögð eru sambland af sannindum byggðum á lífsreynslu og hugmyndum um eitt og annað, sem við engan virkileik hafa að styðjast. Trúarbrögð þessi hafa auðvitað orðið til smám saman, þau hafa þroskast í gegnum margar kynslóðir og bera á sér einkenni lífskjara þeirra, sem þessar kynslóðir hafa átt við að búa. Þær hugmyndir í þeim, sem frá voru sjónarmiði eru ekkert annað en ímyndun þekkingarlítilla manna, voru þeim, sem þær hugsuðu, sannleikur, og þar sem þær voru frá þeirra sjónarmiði, sannleikur, voru þær náttúrlega viðteknar, þeim var trúað. Saman við þær var svo lífsreynslan ofin, og það, sem í fyrstu var til aðeins í hugum einstakra manna, gat útbreiddst og orðið almennings eign. Flest, ef ekki öll söguleg trúarbrögð, sem vér þekkjum, hafa um einhvern tíma verið viðurkend trúarbrögð þjóða og ríkja. Orsakirnar til þess að þau hafa þannig verið viðurkend eru margar, en þó er sú sjálfsagt þýðingarmest, að stjórnendur þjóða og ríkja hafa séð valdi sínu bezt borgið á þann hátt að ljá þeim, sem flesta áhangendur hafa haft, fylgi sitt. Með tímanum hafa þau svo orðið fyrir fjöldanum eitt af því, sem vani og hefð hefir gefið óraskanlegt gildi, þau hafa verið skoðuð sem eitt af hinum óhjákvæmilegu stofnunum mannfélagsins, og aldurinn hefir verið álitinn óyggjandi sönnun fyrir sannleiksgildi þeirra. En þrátt fyrir það hversu djúpar rætur lífsskoðanir þær, sem þessi gömlu trúarbrögð hafa inni að halda, hafa fest í hugum manna, hafa þó sömu forlögin beðið þeirra allra. Þekkingarþyrstar sálir hafa haldið áfram að rannsaka, við það hefir þekkingin aukist, og að sama skapi hafa hinar viðteknu lífsskoðanir